




Stefna Þingeyjarsveitar 2024–2030



Áhugaverðar staðreyndir




Öskjuvatn er dýpsta stöðuvatn landsins

220 m




Drottningu íslenskra fjalla er að finna í Þingeyjarsveit Herðubreið



Vaglaskógur er einn stærsti og fallegasti skógur landsins




Laxá í Aðaldal er önnur vatnsmesta bergvatnsá landsins og er einnig helsti bústaður hús- og straumandarinnar á Íslandi



Goðafoss er sennilega fallegasti foss Íslands og í flokki þeirra stærstu



Sprengigígurinn í Hverfjalli er meðal stærstu slíkra gíga á jörðinni




Skjálfandafljót er 180km að lengd – fjórða lengsta fljót á landinu

Bárðardalur er einn lengsti byggði dalur landsins – 45km



Gamla bogabrúin við Vaglaskóg var lengi lengsta slíka mannvirkið á Norðurlöndum – 55m




Við Mývatn eru fleiri andategundir á sumrin en á nokkrum öðrum stað á jörðinni



Grenjaðarstaður var einn stærsti torfbær landsins – 775 m²

Nokkur af helstu jarðfræðiundrum Íslands Hverfjall – Krafla - Dimmuborgir – er að finna í Þingeyjarsveit

Uppbygging stefnu Þingeyjarsveitar



Með skírskotun
í heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Helstu styrkleikar, veikleikar, tækifæri og áskoranir

HELSTU STYRKLEIKAR

- Óteljandi náttúruperlur
- Fyrsta flokks skólastarf
- Blómleg ferðapjónusta
- Dugmikið og drífandi fólk
- Orkuauðlindir
- Öflugur landbúnaður

HELSTU VEIKLEIKAR

- Skortur á íbúðum
- Aukin eftirspurn eftir þjónustu
- Einsleit atvinnutækifæri
- Þjónusta í dreifðum byggðum

HELSTU TÆKIFÆRI

- Betri nýting orkuauðlinda
- Aukið samstarf við landeigendur um landnýtingu
- Tekjuaukning í ferðapjónustu
- Frekari nýting innviða

HELSTU ÁSKORANIR

- Víðfeðmi og vegalengdir
- Að halda úti þróttmiklu menningarstarfi
- Ágangur á helstu náttúruperlur
- Samgöngur
- Öldrun íbúa



FRAMTÍÐARSÝN

FRAMTÍÐARSÝN


Í **Pingeyjarsveit** þrífist fjölbreytt og þróttmikið samfélag sem nýtur þess að búa **í nánu samspili** við stórbrotna náttúru.

Sterk samfélagsgerð myndar grunn að vexti og lífsgæðum fyrir komandi kynslóðir.

MEGINMARKMIÐ



Meginstoðir farsældar í Þingeyjarsveit





Atvinna

1. Atvinna við allra hæfi
2. Fjölgun nýrra fyrirtækja
3. Sjálfbær ferðapjónusta
4. Nýsköpun á öllum sviðum
5. Bætt orkunýting
6. Aukin sjálfbærni



Uppbygging

7. Fjölbreytt íbúðarhúsnæði
8. Eftirsóknaverður atvinnurekstur
9. Samstarf og samvinna
10. Sveitarfélag með sérstöðu



Menntun

11. Sjálfstæð hugsun og félagsfærni
12. Skilvirkt æskulýðsstarf
13. Öflugt þekkingarsamfélag
14. Efla tengsl skóla



Samfélag

15. Þjónusta í sífelldri þróun
16. Virkt hringrásarhagkerfi
17. Vetrarferðamennska á heimsmælikvarða
18. Virkja fólk til þátttöku
19. Vernd og virðing við stórbrotna náttúru



Lífsgæði

20. Fjölbreytni í menningarlífi
21. Aðstaða til menningarstarfs
22. Vellíðan eldri borgara
23. Tryggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu
24. Hreyfing og heilsusamleg útvist



ÁHERSLUR





FJÖLBREYTT ATVINNA

**Fjölbreytt og
áhugaverð störf
sem sem laða að
fólk og fjölskyldur.**

ÁHERSLUR ÞINGEYJARSVEITAR

1. Stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum og skapa aðstæður til að fjölga óstaðbundnum störfum.
2. Stuðla að fjölgun nýrra fyrirtækja sem skapa verðmæti innan samfélagsins.
3. Ná fram aukinni arðsemi og endurgjöf sjálfbærrar ferðaþjónustu inn í samfélagið.
4. Styðja við nýsköpun á öllum sviðum, hagnýta sérstöðu samfélagsins og hvetja til samstarfs frumkvöðla og fyrirtækja.
5. Nýta orku sem auðlind í þágu atvinnuþróunar og bæta orkunýtingu á jarðvarma og glatvarma.
6. Styðja við aukna sjálfbærni í matvælaframleiðslu og ýta undir sérstöðu sveitarfélagsins í þeim efnum.



MARKVISS UPPBYGGING

**Markviss og sjálfbær
uppbygging innan
sveitarfélagsins**

ÁHERSLUR ÞINGEYJARSVEITAR

7. Taka frumkvæði í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, skipulag og lóðaframboð styðji við uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði.
8. Auka framboð með skilvirkum hætti á lóðum undir eftirsóknarverðan atvinnurekstur.
9. Efla samstarf og samvinnu við landeigendur um uppbyggingu í þágu samfélagsins.
10. Kynna sveitarfélagið sem valkost sem hafi sérstöðu og bjóði upp á eftirsóknarverðan lífsstíl sem er frábrugðin borgarsamfélaginu.



EFLANDI MENNTUN

Framúrskarandi skólastarf sé grunnur öflugs samfélags

ÁHERSLUR ÞINGEYJARSVEITAR

11. Stuðla að sjálfstæðri hugsun og félagsfærni barna með stuðningi og jákvæðum skólabrag.
12. Efla forvarnir og þátttöku í skilvirku æskulýðsstarfi þar sem enginn er skilinn útundan.
13. Efla stöðu Þingeyjarsveitar sem öflugt þekkingarsamfélag í gegnum samstarf með háskólasamfélaginu og öðrum áhugasömum.
14. Efla tengsl milli skólanna og tengsl skólanna við nærsamfélagið.



BLÓMLEGT SAMFÉLAG

**Samstillt samfélag
sem byggir á
samheldni, jafnrétti
og virðingu við
umhverfið**

ÁHERSLUR ÞINGEYJARSVEITAR

15. Þjónusta sé í sífelldri þróun og veitt á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að vera sem aðgengilegust fyrir íbúa.
16. Stuðla að virku hringrásarhagkerfi með bættri meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu.
17. Festa í sessi vetrarferðamennsku á heimsmælikvarða í samstarfi við íbúa og ferðaþjónustu.
18. Virða fjölbreytileika samfélagsins, virkja allt fólk til þátttöku og styðja nýja íbúa við að aðlagast samfélaginu.
19. Vernda og virða stórbrotna náttúru og tryggja að íbúar og gestir geti notið hennar á sjálfbæran hátt.



VELFERÐ ALLRA

**Sterkir innviðir til þess
að hlúa að líkamlegri og
andlegri vellíðan íbúa**

ÁHERSLUR ÞINGEYJARSVEITAR

20. Stuðla að fjölbreytni í menningarlífi, viðburðum og afþreyingu fyrir alla íbúa.
21. Tryggja aðstöðu fyrir alla aldurshópa, þar sem hægt er að skapa og njóta menningar og annarra smærri viðburða.
23. Stuðla að góðri heilsu og andlegri vellíðan eldri borgara með öflugri þjónustu.
24. Tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu í markvissu samstarfi við ríki.
25. Gera íbúum á öllum aldri kleift að stunda hreyfingu og heilsusamlega útivist.

Samráðsferlið




Samtal við **kjörna fulltrúa** og stjórnendur.



Þrjár **íbúafundir** og fundur með fulltrúum **atvinnulífs**.



Samantekt á **núverandi stefnum** sveitarfélagsins og áherslum sem þar koma fram.



Könnun á meðal íbúa á heimasíðu sveitarfélagsins



Vinnufundir með starfsfólki.



Áherslur og vilji nefnda og ráða til næstu missera.

